

# Fluren 37 Basic Cleaner

## Vörulýsing

Fluren 37 er alkalískt hreingerningarefni. Sápuefnin sem notuð eru brotna auðveldlega niður, lífrænt.

- Breitt notkunarsvið
- Brotnar auðveldlega niður í náttúrunni
- Framúrskarandi á pensla og málningarrúllur



## Notkunarmöguleikar

Er notað jafnt innan- sem utanhúss til að þrifa mjög óhreina fleti, sem á að mála. Skolað er með vatni fyrir málun.

Hentar einnig sem alhliða þvottaefni á málaða fleti, vinýl, steypu og málma.

Einnig til að hreinsa pensla og málningarrúllur.

## Meðhöndlun

Fjarlægir fast vax, fitu, sápuþefnar, tjöruefni, tóbakstjöru og fleira, en verkar ekki á kalksápu og ryðbletti.

Að loknum þrifum skal skola með hreinu vatni og þurrka með vel undnum klút/svampi.

Pensla skal hreinsa vel með Flügger 37 og skola síðan með vatni.

## Athugið!

Fluren 37 getur mislitað óvarinn við og skvettur geta gert hvíta bletti á sinkhúðað járn.

Til að hreinsa mjög óhreina fleti utanhúss er ráðlagt að nota Facade Clean.

**Geymsla:** Kalt, frostlaust og vel þétt

## Tæknilegar upplýsingar

Vara	Hreinsiefni
pH gildi	11
Blöndunarhlutfall	Venjuleg þrif: 0,5 dl á móti 5 l af vatni (1%) Gróf þrif: 2,5 dl á móti 5 l af vatni (5%) Fyrir málun: 5 dl á móti 5 l af vatni (10%) Penslahreinsun: óþynnt

## Núverandi TDS útgáfa

febrúar 2020